



**Kammerkór Norðurlands** var stofnaður á haustdögum 1998. Í honum er söngfólk af Norðurlandi, allt frá Kópaskeri til Sauðárkróks. Kórinn hefur flutt margs konar tónlist á eigin tónleikum víðs vegar um Norðurland og einnig komið alloft fram á suðvesturhorninu. Kórinn hefur tekið þátt í samstarfsverkefnum og þannig meðal annars flutt Krýningarmessu Mozarts í Mývatnssveit, Sálumessu Verdis á Akureyri og Messu eftir C. M. Widor í Akureyrar- og Hallgrímskirkju, svo og páskahluta Messíasar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og einsöngvurum í Glerárkirkju. Árið 2011 fór kórinn í tónleikaferð til Sviss og söng á íslenskum bókmenntadögum í Zofingen. Síðustu ár hefur Kammerkór Norðurlands lagt áherslu á íslenska tónlist og hafa allmörg íslensk tónskáld samið verk fyrir kórinn. Má þar nefna Atla Ingólfsson, Báru Grímsdóttur, Hauk Tómasson og Hildigunni Rúnarsdóttur. Fyrsti stjórnandi kórsins var Sigurbjörg Kristínardóttir en Guðmundur Óli Gunnarsson hefur verið við stjórnvölinn frá árinu 2000.